


Sjálfsmatsskýrsla vor 2022

Unnin út frá innra mati skólans 2021-2022



Djúpavogsskóli

Inngangur

Innra mat er fagleg ígrundun, gagnasöfnun og greining á gögnum um skólastarfið í þeim tilgangi að leggja mat á hversu vel tekst að ná þeim markmiðum sem skólastarf byggir á og tryggja gæði og árangur skólastarfs út frá þeim viðmiðum sem birtast í lögum um grunnskóla, Aðalnámskrá grunnskóla, skólastefnu sveitarfélagsins og markmiðum skólans. Meginspurningar í innra mati eru; *Hversu vel stöndum við okkur? Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta? Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?* Markmiðið er að innra mat leiði af sér aukin gæði náms og betri námsárangur, eflingu fagmennsku og lærdómssamfélags sem og betri upplýsingagjöf og innra eftirlit. Innra matið er lifandi plagg sem nota á við umbætur á komandi skólaári.

Djúpavogsskóli er grunnskóli fyrir börn í 1.-10.bekk. Hann er rekinn af sveitarfélaginu Múlaþing og er einn af sex grunnskólum sveitarfélagsins. Djúpavogsskóli starfar samkvæmt lögum um grunnskóla 91/2008. Nemendur skólans skólaárið 2021-2022 eru um 90 og koma bæði úr dreif- og þéttbýli. Tónlistarskóli Djúpavogs var starfræktur í grunnskólanum og haustið 2021 voru 22 í tónlistarnám. Djúpavogsskóli skiptir námshópum í yngsta stig, miðstig og unglingastig en einnig er skipting innan stiga þó að samkensla sé þónokkur en teymisvinna og kennsla var innleidd í skólann haust 2019.

Kennslan í skólanum tekur mið af viðmiðunarstundaskrá en auk þess er tímum bætt við í samræmi við séráherslur skólans. Séráherslur skólans eru nokkrar og má þar nefna [Teymisvinnu](#) sem hefur það að markmiði að auka gæði náms hjá nemendum skólans og styrkja kennara í starfi; [Uppeldi til ábyrgðar](#) sem snýr að líðan og hegðun nemenda. Skólinn hefur einnig innleitt [Byrjendalæsi](#) og vinnur eftir hugmyndafræði [Cittaslow](#). Starfsfólk Djúpavogsskóla leggur metnað sinn í að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og skapa þeim hvetjandi námsumhverfi á þeirra forsendum. Jafnframt leggur starfsfólk metnað sinn í að eiga gott samstarf við heimili nemenda og nærumhverfi skólans. Forsenda þess er að samskipti þessara aðila einkennist af gagnkvæmri virðingu og jákvæðni.

Innra mat skólans er unnið út frá umbótaáætlun frá skólaárinu 2020-2021, niðurstöðum foreldrakönnunar skólapúls, niðurstöðum frá skólaþingi, starfsmannasamtölum mannauðsstjóra Múlaþings við starfsmenn, niðurstöðum hjá 6., 8. og 10. bekk úr íslensku æskulýðsrannsókninni, fundargerðum skólans og ekki sýnst niðurstöðum úr námsmati.

Framkvæmd Innra mat skólaársins einkenndist af mannabreytingum í stjórnendateymi og samkomutakmörkunum vegna Covid 19 og litast bæði gagnaöflun og árangur í skólastarfi af því.

Innra mat 2021-2022

Matsþættir	Viðmið	Hvenær metið	Gagnaöflun	Matsaðilar	Niðurstöður	Úrbætur skólaár 2022-2023
Nám og kennsla						
Inntak náms, árangur og framfarir.	Að nemendur sýni framfarir út frá eigin forsendum. Að nemendur hafi trú á eigin getu.	Allt skólaárið Formlegt og óformlegt. Með könnunum sem og í daglegu starfi.	Orðarún 2x á ári. Lesfimi 3x á ári Logos í 3.-6.-9.bekk Læsi í 1.-2.bekk Leiðsagnarmat. Aðrar kannanir.	Umsjónar-kennarar og stoðþjónusta	Niðurstöður úr lestrarprófunum hafa ekki verið að koma nægilega vel út. Skv. Lesfimiþrófum voru 32 nemendur af 94 eða 34% nemenda undir viðmiðum, 45 í viðmiði 1, 7 nemendur í viðmiði 2 og 5 nemendur í viðmiði 3. Í orðarún sem metur lesskilning voru 21 nemandi annað hvort mjög slakir eða slakir en 33 nemendur í meðal eða góðum lesskilningi. Skv. Námsmati við lok skólaárs sýnir mikill meiri hluti nemenda framfarir í námi og lykilhæfni.	Vinna áfram markvisst að því að nemendur sýni framfarir í námi. Skoða kennsluhætti og áhrif kennara á nám nemenda. Innleiðing á leiðsagnarnámi. Festa í sessi yndislestrarstundir Nýta gátlista sem til eru um lestrarhvetjandi umhverfi t.d. Læsisstefna þarfnast uppfærslu og að vinna eftir henni. Vinna aðgerðaráætlanir sem grípa nemendur eftir læsiskannanir. Kennarar geri samantekt á námsmati við lok skólaárs fyrir hvern bekk fyrir sig.
Skipulag náms og náms-umhverfi.	Að nemendum sé tryggt námsumhverfi við hæfi og að ánægja mælist með skipulag náms.	Allt skólaárið Formlegt og óformlegt. Með könnunum sem og í daglegu starfi.	Skólapúls. Kennarafundir. Stoðteymisfundir.	Stjórnendur, kennarar, nemendur, foreldrar, stoðþjónusta.	Stoðþjónusta var á hrakhólum á skólaárinu 2020-2021 og var ráðist í framkvæmdir haust 2021 að útbúa rými fyrir stoðþjónustuna sem breytti miklu fyrir þjónustu við nemendur. Kennarafundir voru haldnir flesta þriðjudaga frá kl 14:30-16:00, þó COVID takmarkanir hefðu haft áhrif. Þar fór fram skipulag á skólastarfinu, skipulag á samvinnu og hugmyndir að breytingum á námsumhverfi.	Kennarar skili ávallt af sér kennsluáætlunum og stjórnendateymi sinni vettvangsheimsóknun. Leiðsagnarnám. Styðja við stoðþjónustu Nýta þröngt skólahúsnæðið eins og best verður á kosið.
Kennsluhættir og gæði kennslu.	Að fjölbreyttir kennsluhættir séu sýnilegir og skili sér í aukinni virkni nemenda.	Allt skólaárið.	Vettvangsathuganir. Teymisfundir. Skólapúls.	Stjórnendur, kennarar, nemendur, stoðþjónusta.	Við stöndum okkur ágætlega í því að stunda fjölbreytta kennsluhætti, en mættum bæta okkur í að sýna nemendum fram á það á hversu fjölbreyttan hátt megi skila af sér verkefnum. Á teymisfundum ræddu kennarar um kennsluhætti og skipulögðu kennslu út frá teymisvinnu en fundarhald var þó ekki mjög stöðugt vegna	Innleiðing á leiðsagnarnámi mun vega þungt næsta skólaár hvað varðar þennan þátt. Tryggja að stundatöflur gefi kennurum svigrúm til teymiskennslu – hvetja kennara til að setja stundatöflur upp á þann máta. Svigrúm á fundum 1x á önn fyrir kennara að lýsa hvernig þeir tryggja gæði kennslu.

					<p>samkomutakmarkana. Skv. Skólapúls eru 75% foreldra almennt ánægðir eða mjög ánægðir með kennsluaðferðir sem notaðar eru í skólanum. Stjórnendur upplýstir um kennslu í vikupósti frá kennurum.</p>	<p>Nýta samskiptadaga í að fara yfir hæfnikort nemenda með foreldrum. Námslotur eru aðgengilegar foreldrum í gegnum Mentor en setja þarf greinanámskrár inn á heimasíðu.</p>
Námshættir og námsvitund.	Að nemendur séu meðvitaðir um eigin styrkleika og árangursríkar leiðir til náms.	Haust og vor.	Nemendakannanir. Skólapúls.	Skólapúlsinn. Íslenska æskulýðs könnunin.	Skólapúls var ekki lagður fyrir nemendur vor 2022. Niðurstöður ÍÆK sýndi að 64% nemenda í 6.,8. og 10.bekk finna tilgang með námi en landsmeðaltal er 66%. Þessa tölu viljum við sjá hærri.	Leiðsagnarnám - tilgangur með námi. Tryggja að markmið náms sé ávallt sýnilegt nemendum svo þeir viti hvert þeir stefna
Skóli fyrir alla.	Að nemendum líði vel og fái notið sín í umhverfi sem hæfir þeirra forsendum, styrkleikum og hæfileikum.	Allt skólaárið. Nóvember og apríl.	Kennarafundir. Stoðteymisfundir. Nem.v.ráðsfundir. Teymisfundir Nemenda könnun Skólapúls. Íslenska æskulýðs könnunin.	Kennarar. Stjórnendur. Ráðgjafar skólajónustu. Foreldrar (teymisfundir). Nemendur.	<p>Skv. Foreldrakönnun skólapúls eru 68.7% foreldra eru sammála eða mjög sammála því að námslegum þörfum nemenda sé mætt. Þetta hlutfall þarf að vinna að því að hækka. Stoðþjónusta var styrkt á árinu með nýju rými en ekki gekk nógu vel að sinna stoðþjónustu vegna langvinna veikinda starfsfólks og fæðingarorlofs starfsmanna stoðþjónustu. Skýrir verkferlar varðandi einstaklingsnámskrár voru kynntir kennurum og fengu allir nemendur sem á þurftu að halda, einstaklingsnámskrá í viðeigandi fögum sem foreldrar hafa aðgang að í gegnum Mentor. Í ÍÆK segjast 83% nemenda líka við skólann en þar er landsmeðaltal 82%.</p>	<p>Með innleiðingu leiðsagnarnáms styrkt þessi þáttur. Með öflugum stoðteymi, teymisvinnu kennara og samstarfi við foreldra ætti að vera hægt að tryggja að allir nemendur fái nám við hæfi.</p> <p>Efla þarf vinnu með markmiðaáætlanir með hliðsjón af leiðsagnarnámi.</p> <p>Auka upplýsingagjöf til foreldra um nám nemenda, kynningu á Mentor og hæfnikortum nemenda ofl. Halda áfram vinnu með einstaklingsnámskrár og tryggja að allir hluteigandi aðilar viti vinnuferlið.</p> <p>Tryggja að nemendastýrt skólalæping komi ekki í veg fyrir að nemendur á elsta stigi fái tækifæri til að taka þátt og segja sína skoðun.</p>
Mannauður						
Fagmennska starfsfólks.	Að starfsfólk byggi ákvarðanir og öll samskipti á fagmennsku og sýni fagmennsku í starfi. Kennarar sinni endurmenntun.	Einu sinni á önn.	Teymisfundir. Jafningjastuðningur. Vettvangsathuganir. Starfsmannasamtöl.	Kennarar og stjórnendur.	Mikið álag á starfsfólk vegna COVID kom í veg fyrir greiningarvinnu á þessum þætti.	<p>Koma á SVÓT greiningu hjá teyminum til að meta fagmennsku, líðan og starfsánægju kennara.</p> <p>Kennarar skili upplýsingum um endurmenntun eftir hverja önn og fá endurgjöf frá stjórnendum. Á kennarafundi fái kennarar tækifæri til</p>

						að segja frá endurmenntun sem þeir hafa sótt (jafningjafræðsla).
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður.	Að starfsfólk finni til ánægju í starfi og líði vel á vinnustaðnum.	Vor	Starfsmanna-könnun Skólapúls. Starfsmannasa mtöl.	Starfsfólk. Stjórnendur	Niðurstöður starfsmannasamtala sýndu að 92.8% starfsmanna eru ánægðir í starfi. Nokkrir punktar komu fram sem vinna þarf með nánar. Starfsmannakönnun Skólapúls var ekki lagður fyrir starfsfólk þetta skólaárið þar sem foreldrakönnun var lögð fyrir.	Vinna markvisst að því að bæta úr þeim þáttum sem hafa neikvæð áhrif á starfsánægju við Djúpavogsskóla. Nýta niðurstöður starfsmannakönnunar vor 2023 til að bæta starfsánægju, líðan og aðbúnað starfsmanna skólaárið 2023-2024.
Endurgjöf	Að gefa kennurum tækifæri til að bæta kennsluhætti sína með endurgjöf frá stjórnendum og/eða öðrum kennurum.	2x á önn	Vettvangs-athuganir Teymisfundir	Skólastjórnendur og kennarateymi	Ekki gafst svigrúm á skólaárinu vegna manneklu og Covid takmarkana að sinna þessum þætti.	Stjórnendateymi skiptir með sér vettvangsheimsóknnum og skipuleggur vettvangs-viku. Kennarar skila kennsluáætlun en vettvangsheimsóknnum er meðal annars ætlað að skoða hvernig kennurum gengur að fylgja kennsluáætlun.
Stjórnun						
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi.	Að starfsfólk finni faglegan stuðning stjórnenda í daglegu starfi og geti ávallt leitað til stjórnenda um fagleg málefni.	Vorönn.	Starfsmanna-könnun Skólapúls. Starfsmannasa mtöl. Teymisfundir.	Starfsfólk.	Niðurstöður starfsmannasamtala sýna að starfsfólk vill uppbyggilega endurgjöf, faglegan stuðning og ráðgjöf.	Setja á fót reglulegar vettvangsheimsóknir stjórnenda til kennara og endurgjöf eftir heimsóknir
Faglegt samstarf.	Að starfsfólk eigi faglegt samstarf sín á milli sem og við alla aðila skóla-samfélagsins.	Desember og maí.	Ekkert formlegt greiningarferli	Starfsfólk.	Almennt gott faglegt samstarf, s.s. stoðteymisfundir, teymisfundir, kennarafundir, skólaráð þó COVID hafi haft áhrif á fundarhöld og skipulag þeirra. Þurfum að bæta okkur í jafningjastuðning/fræðslu. Í starfsmannaviðtölum kom í ljós að bæta þarf upplýsingaflæði milli starfsmanna og þá sérstaklega til almenns starfsfólks, skipulag á fundum þarf að bæta. Eins kom fram ósk um samstarf við aðra skóla í Múlaþingi.	Þurfum að koma á formlegu greiningarferli, t.d. SVÓT greining teyma og Rýnihópmat að vori. Festa í sessi jafningjafræðslu þar sem kennarar fá tækifæri til að deila meira hugmyndum og verkefnum, sýna og segja frá og ígrunda á skipulegan hátt, bæði ein og í teyimum (sýna og segja frá). Koma skipulagi á upplýsingaflæði allra almennra starfsmanna. Hafa skýrt fundarskipulag og umsjón

						með fundum. Sameiginleg innleiðing á leiðsagnarnámi í Múlaþingi býr til vettvang til samstarfs næsta skólaár.
Skólaþróun.	Að starfsþróunar áætlun skólans sé virk og að þróunarverkefni séu í stöðugu umbótaferli.	Haust og vor.	Ekkert formlegt greiningarferli.	Starfsfólk.	Sum þróunarverkefni eru í góðum málum en við þurfum að bæta okkur í Uppeldi til ábyrgðar.	Rýnihópat að hausti og vori: Fulltrúar nefnda hittast og fara yfir stöðu mála. Nýta gát- og matslista sem til eru, t.d. hjá heilsueflandi skóla, byrjendalæsi. Útbúa matslista fyrir Cittaslow. Leggja áherslu á innleiðingu heilsueflandi skóla.
Skólabragur						
Velferð og líðan nemenda.	Að nemendum líði vel í skólanum og finni að starfsfólk hefur velferð þeirra ávallt í huga.	Haust og vor.	Nemendakönnun skólapúls. Foreldrakönnun Skólapúls. Bekkjarfundir.	Nemendur, foreldrar, kennarar.	Nemendur hafa gott aðgengi að starfsfólki og vel er fylgst með þeim. Smæðin hjálpar okkur að grípa inn í þegar við sjáum vísbendingar um vanlíðan hjá barni. Stoðþjónusta skólans stígur inn og aðstoðar þegar þörf er á. Samkvæmt foreldrakönnun skólapúlsins eru yfir 88% foreldra frekar ánægðir eða mjög ánægðir með samskipti umsjónarkennara, kennara og starfsfólk skólans við barnið sitt. Hlutfallið var hærra í síðustu foreldrakönnun og mikilvægt að allt starfsfólk taki þær niðurstöður til sín og vandi samskipti. Að sama skapi telja 82.9% foreldra að barninu sínu líði vel í skólanum en í síðustu foreldrakönnun var hlutfallið 91.7%. Að sjálfsögðu viljum við ekki sjá hlutfallið lækka og því mikilvægt að bregðast við. Í íslensku æskulyðsrannsókninni kom fram að 68% nemenda treysta kennurum vel. Þessa tölu viljum við að sjálfsögðu sjá hærri en landsmeðaltalið er 65%.	Skoða þarf þennan þátt í nemendakönnun skólapúlsins 2023 og hvort það sé samræmi milli upplifun nemenda og foreldra. Fá aukið samstarf við heilsugæslu / skólahjúkrunarfræðing til að grípa þá nemendur sem eru í vanlíðan ásamt stoðþjónustu. Auka upplýsingaflæði milli heimilis og skóla, t.d. með því að festa í sessi vikupósta frá umsjónarkennurum.
Einelti	Að nemendur upplifi sem hluta af heild og einelti	Allt skólaárið	Eineltisráð Skólapúlsinn	Allt starfsfólk	Samkvæmt ÍÆK segjast 9% nemenda í Djúpavogsskóla hafa orðið fyrir einelti (komið fyrir 2-3x í	Fara þarf yfir eineltisáætlun skólans, uppfæra og setja inn á heimasíðu. Kynna þarf eineltisáætlunina vel fyrir

	sé í algjöru lágmarki		Íslenska æskulýðs könnunin		mánuði eða einu sinni eða tvisvar). Svörin í öðrum landshlutum var 21%. Skv. foreldrakönnun Skólapúls segja 22.9% foreldra að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti á skólaárinu. Samræmi er því ekki þarna á milli og spurning hvernig upplifun nemenda sé og skilgreining á einelti.	starfsfólki og foreldrum ásamt verkferlum í kringum eineltismál.
Innra mat						
Umbótastarf í kjölfar innra og ytra mats.	Að daglegt skólastarf einkennist af stöðugri umbótahugsun.	Allt skólaárið.	Starfsmannafundir. Teymisfundir.	Allt starfsfólk.	Vegna manneklu og COVID gekk hægt að vinna eftir umbótaáætlun skólans en þó var eitthvað áunnið. Fundarhald litaðist af COVID en fundargerðum var ábótavant.	Festa í sessi stutt innra mat á skólastarfinu á mánaðarlegum starfsmannafundum þar sem ræddur er liðinn mánaður. Með því verður umbótahugsun partur af daglegu starfi. Halda þarf betur utan um fundargerðir teyma með fundargerðarformi sem kennarar hafa aðgang að og vista á sérstakt svæði inn á sameign. Fundargerðir fag- og starfsmannafunda séu einnig vistaðar á sama svæði á sameign og aðgengilegar öllu starfsfólki.
Áherslur skólans						
Gildin okkar; hugrekki, virðing, samvinna.	Að í skólanum sé jákvæður skólabragur sem einkennist af Hugrekki, gagnkvæmri virðingu og samvinnu alls skólasamfélagsins.	Haust og vor.	Gögn frá kennara- og teymisfundum. Nemendakönnun Skólapúls. Rýnihópur (nemendaráð) að hausti og vori.	Allt starfsfólk. Nemendur 7.-10. bekkjar.	Mikil áhersla lögð á vinnu með gildin okkar; Hugrekki, virðing, samvinna. Sú vinna er að festast í sessi. Unnið með þau á Skólapingi þar sem tækifæri gafst til að samræma hugmyndir um þau. Á skólapingi kom fram að einn þáttur í góðum skólabrag sé virk þátttaka foreldra og talað af virðingu um skólann heima og að heiman.	Fræða mætti nemendur meira um hvað skólabragur er og gildi þess að skólabragur sé góður fyrir alla – af hverju við höfum þessi gildi og hvað þau þýða. Vinna áfram markvisst með gildi skólans hjá hverjum árgangi fyrir sig og tryggja að þau séu sýnileg.
Uppeldi til ábyrgðar	Að unnið sé eftir verkferlum uppeldis til ábyrgðar sem stuðlar að vellíðan allra nemenda.	Allt skólaárið.	Starfsmannasamtöl. Kennarafundir. Rýnihópamat að vori.	Stjórnendur og stýrihópur uppeldis til ábyrgðar	Samkvæmt skólapúls segist rúmlega helmingur foreldra (52%) vera óánægður eða mjög óánægður með hvernig tekið er á agavandamálum í skólanum og er það mikill munur á verri veg frá fyrri árum. Mikilvægt er að horfa til samstarfs við foreldra	Vinna þarf betur með skólareglur á komandi skólaári. Gera þær sýnilegar og kynna þær sérstaklega vel fyrir foreldrum. Verkferla þarf að skýra en þó aðallega kynna og koma öllu starfsfólki á sömu blaðsíðu. Sjá þarf til þess að

					hvað varðar aga og fá fram þeirra sjónarhorni. Sama niðurstaða var í starfsmannaviðtölum, þ.e.a.s. starfsfólk óskar eftir skýrari verkferlum um hvernig taka skal á hegðunarfunda nemenda.	verkferlum sé fylgt og úrræði séu tilbúin. Nemendur séu meðvitaðir um verkferla og að sama gildi um alla. Eftirfylgni í málum þarf að stórbæta.
Teymisvinna	Að teymi kennara starfi á grundvelli traust, góðrar samkipta og eigi gjöfult samstarf.	Desember og apríl	Starfsmannasamtöl	Stjórnendateymi og hlutaðeigandi kennarateymi	Teymisvinna kennara gekk vel þrátt fyrir áskoranir eins og breytingar á stundatöflum, COVID takmarkana og forföll starfsmanna. Ekki gafst þó svigrúm til að meta þennan þátt sérstaklega.	Koma þarf á SVÓT greiningu teymis og stjórnenda á teymisvinnunni. Vinna þarf með niðurstöðurnar til að bæta teymisvinnu með áherslu á <i>teymiskennslu</i> . Festa þarf í sessi vinnulag með fundargerðir svo þær séu aðgengilegar og sýnilegar starfsfólki. Þannig nýtast þær einnig við innra mat.
Cittaslow	Að skólastarf einkennist af hugmyndafræði Cittaslow sem flæðir í gegnum daglegt starf	September og apríl	Ekkert formlegt greiningarferli	Allt starfsfólk	Ekki gerð formleg greining á þessum þætti.	Útbúa þarf gátlista fyrir Cittaslow til að meta Cittaslow starf skólans. Virkja þarf Cittaslow teymi í skólanum sem leggur línurnar fyrir veturinn í september og metur stöðuna í apríl.
ELF-verkefni	Að kynna nemendum fyrir umhverfinu og menningarsögu Djúpavogs í gegnum appið "ELF"		Ekkert formlegt greiningarferli	Listgreina – og samfélagsgreina kennarar	Kennarar tóku þátt í þróunavinnu á appinu ELF í samstarfi við fyrirtækið Creatrix. Appið verður kynnt fyrir nemendum næsta skólaár.	Nýta appið ELF í náttúrugreinakennslu og grenndarnámi.
Leiðsagnarnám	Að veita nemandanum leiðsögn sem hjálpar honum til að ná þeim markmiðum sem hann stefnir að		Ekkert formlegt greiningarferli	Allir kennarar stjórnendur	Innleiðing á leiðsagnarnámi hófst vorönn 2022 undir handleiðslu MSHA. Fyrstu skref tekin en móta þarf betur greiningarvinnu á því hvernig til tókst	Halda áfram að vinna eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms. Tilnefna tengilið við MSHA sem hefur umsjón með náminu og stýrir verkefninu innanhúss.
Samstarf við skólasamfélagið						
Foreldrasamstarf	Að foreldrar séu	Allt skólaárið	Skólalámsinn	Skólalámsinn	Vikufréttir voru sendar upp vikulega	Halda áfram að senda vikufréttir.

	ánægðir með skólastarfið og taki þátt í skólastarfinu		(annað hvert ár) Skólaþing (árlega að vori)	Stjórnendur Kennarar	frá skólastjóra þar sem foreldrar voru upplýstir um skólastarfið, kennsluhætti, viðburði og annað. Foreldrar tóku þátt í skólaþingi sem tókst mjög vel. Foreldrakönnun skólapúlsins sýndi ýmsar niðurstöður sem taka þarf alvarlega, svo sem að aðeins 54.5% foreldra er frekar eða mjög ánægt með stjórnun skólans. Þurfum að finna leið til að auka þátttöku foreldra. Skv. Skólapúlsi segja 56.7% foreldra að skólinn leiti eftir hugmyndum og ábendingum frá þeim og 59.3% segja að þær séu teknar til greina. Erfiðlega gekk að manna foreldrafélagið.	Halda annað skólaþing og vinna niðurstöður þess strax að og kynna að vori og aftur að hausti. Hafa skýrt hver tilgangur skólaþingsins er (að bæta skólastarfið) og að foreldrar sjái að verið sé að nýta niðurstöður skólaþings inn í skólastarfið.
Heimasíða	Að heimasíða sé reglulega uppfærð og með nýjustu fréttir og upplýsingar hverju sinni	Allt skólaárið	Könnun foreldra Könnun starfsfólk	Stjórnendateymi	Starfsmannaupplýsingar voru uppfærðar annað sem nauðsynlegt var. Þarfnast úrbóta.	Fleiri en einn þurfa að sinna heimasíðunni og skipta á milli sín verkum. Ábyrgðaraðili þarf að vera að því að uppfæra reglulega fréttahlutann.
Samfélags samstarf	Að nemendur fái tækifæri til að eiga í samstarfi við aðra samfélagshópa	Desember og apríl	Rýnihópur nemenda	Stjórnendateymi	Vegna manneklu og COVID gekk hægt að eiga í samstarfi við samfélagið.	Koma á starfskynningum fyrir nemendur Fá félag eldri borgara oftari í heimsókn